

The DAC Journal: Development Co-operation - 2004 Report - Efforts and Policies of the Members of the Development Assistance Committee Volume 6 Issue 1

Summary in Icelandic

Tímarit DAC: Þróunarsamvinna – Skýrsla 2004 – Viðleitni og stefnur aðildarríkja að Þróunaraðstoðarnefndinni (Development Assistance Committee), 6. bindi, 1. tölublað

Útdráttur á íslensku

Yfirlit formanns DAC

Þessum kafla er ætlað að gera þrennt:

- Í fyrsta lagi að líta á upprennandi mynd af framvindu í átt að Þúsaldarþróunarmarkmiðunum (Millennium Development Goals), og hvað þurfi til að víkka umtalsvert út þann hóp ríkja sem er að ná góðum árangri í þeim.
- Í öðru lagi, að ræða hvernig fella eigi umfang öryggis á fyllri máta inn í hugsun um sjálfbæra þróun, með hugtakið „mannöryggi“ sem leiðarhnoð að sambandinu milli þróunar og öryggis.
- Og í þriðja lagi, að leggja mat á framvinduna í auknu umfangi og árangri alþjóðlegrar aðstoðar, sem einn af hugsanlegum stuðningsþáttum við betra og öruggara líf fátæks fólks.

Þúsaldarþróunarmarkmiðin

Ástandið sem lýst er í tiltækum tölfræðiupplýsingum jafngildir skelfilegri skrá yfir mannlega eymd. Um 1,1 milljarður manna lifir á innan við einum dollara á dag, yfir 100 milljón börn ganga ekki einu sinni í grunnskóla, hvað þá að þau ljúki honum með einhverja nothæfa menntun, takmarkið um jöfnuð kynjanna við skráningu í grunnskóla árið 2005 næst ekki, og 10 milljónir barna undir 5 ára aldri deyja árlega af orsökum sem

hægt væri að afstýra. Til viðbótar heldur alnæmisfaraldurinn áfram, og er ásamt malaríu, berklum og öðrum tiltölulega vanræktum sjúkdómum að hægja á eða snúa við aukningu á lífslíkum um mikill hluta Afríku sunnan Sahara. Og þrýstingurinn á innviði og náttúruauðlindir heldur áfram að aukast með vaxandi fólksfjölgum og aukinni neyslu.

Hverjar eru horfurnar á því að ná þessum markmiðum miðað við dagsetningarnar sem settar hafa verið? Ef byrjað er í hnattrænu samhengi virðist nánast öruggt að aðeins markmiðið um tekjur fátækra náist. Það í sjálfu sér er auðvitað ekki neitt smáræði. Núverandi áætlanir gefa til kynna að hlutfall þeirra íbúa þriðja heimsins sem lifa á innan við dollara á dag muni hafa lækkað í 13% árið 2015, sem þýðir í heildina um 750 milljónir, í samanburði við toppinn sem var um 1,5 milljarðar á fyrri hluta nýunda áratugarins. En varðandi flest ef ekki öll þau markmið sem eftir standa, er búist við að væntanleg framvinda – og varðandi hvert þeirra er full ástæða til að ætla, á heimsvísu, að framvindan haldi áfram – nái ekki, jafnvel á heimsvísu, væntingum þeirra sem settu markmiðin. Þessi misbrestur virðist líklegastur til að vera mest áberandi í tengslum við markmið um heilbrigði.

Öryggi, mannréttindi og þróun

Við þurfum að skapa sterkari einingu en nú er til staðar um sambandið milli öryggis og þróunar; og um gagnlegar afleiðingar sterkari viðurkenningar á mikilvægi þeirra. Þetta er því mikilvægara ef maður trúir því að að öryggis- og þróunarsamfélög þurfi að vinna betur saman til að ná árangri sem stenst markmið hvers þeirra, um leið og innsýnin sem hvert þeirra getur komið með að borðinu er virt. Skýrsla Mannöryggisráðsins (The Human Security Commission) til aðalritara Sameinuðu þjóðanna árið 2003 er skjal sem markar þáttaskil í þessu tilliti.

DAC hefur, í skýrslu sinni árið 2004 um öryggiskerfisumbætur, lagt áherslu á þörfina á aðkomu ríkisstjórna í heild til að takast á við öryggismál. Slík aðkoma ætti ekki að þýða að þróunarsamvinnustofnanir (eða þær sem eru stjórn mála- og hernaðarmegin við götuna) hverfi frá sínum eigin markmiðum, hollustu og ábyrgð. Reyndar er virðing við hæfni og hömlur hvers aðila grundvallarþáttur í allri samvinnutilhögum innan ríkisstjórnar.

Umfang aðstoðar

Monterrey-ráðstefnan um þróunarfjármögnun í mars 2002 virðist hafa markað upphafið á nýrri stefnu í aðstoðarfjárveitingum. Eftir skyndilega raunvirðislækkun á opinberri þróunaraðstoð (OPA) (og enn meiri sem hlutfall af vergum þjóðartekjum (VPT) innan DAC) milli 1992 og 1997, var aðstoð frá aðildarríkjum DAC orðin meira og minna stöðug við um 0,22% af VPT innan DAC milli 1997 og 2001, og því snúin aftur til raunverulegs vaxtar, en mjög hóflegs samt sem áður. Á árinu 2002 óx OPA um 7% að raungildi, og árið 2003 um 5% í viðbót, sem færði hana upp í 0,25% af VPT innan DAC á því ári og fór að lokum upp fyrir raungildi aðstoðar á árinu 1992 sem var síðasta toppár. Þessi skýrsla er gefin út áður en útkoma fyrir árið 2004 er þekkt, en það er full ástæða til að ætla að raunvöxtur hafi orðið að einhverju marki þriðja árið í röð. Skuldbindingarnar sem gerðar voru í Monterrey gætu bent til þess að árið 2006 hafi OPA náð um 0,30% af

VPT innan DAC, eða um 88 milljörðum Bandaríkjadollara á gengi ársins 2003. Þetta myndi tákna um 50% raunaukningu miðað við árið 2001.

Aðstoðarfjárveiting

Hvernig aðstoðarfjárveitingu er háttað er einn mikilvægur liður í árangri hennar til hjálpar við að ná Þúsaldarþróunarmarkmiðunum. Margar vísbendingar gefa til kynna að aðstoð sé sérstaklega áhrifarík í umhverfi þar sem heilbrigð stefna ræður ríkjum og að áhrif hennar á aðstæður þeirra fátæku verði meiri ef fjárveitingin endurspeglar einnig dreifingu fátækra í heiminum. Árið 2004 sýndi *Þróunarsamvinnuskýrslan* að DAC-gjafar voru, að meðaltali, að auka hlutfall aðstoðar sinnar til ríkja sem stóðu sig betur (til um það bil 70% þeirra ríkja sem voru í efstu tveimur fimmtungunum), og skýrsla breska ráðuneytisins um alþjóðlega þróun (DFID), *Langtímafátækt*, kom fram með nýja mælieiningu (umfjöllun í kafla 2) á hvernig aðstoðarfjárveiting einstakra gjafa tengdist dreifingu fátæks fólks í heiminum.

Árangur aðstoðar

Síðast en ekki síst skulum við íhuga með hvaða árangri aðstoð er veitt. Það er útbreitt samkomulag milli þróunarríkja og gjafa að hægt sé, og þörf sé á, að bæta umtalsvert núverandi afhendingargangverk. Flestar gjafaskrifstofur og hliðstæður þeirra við móttökuútibú aðstoðar hjá viðtökuríkisstjórnunum leggja á sig óhemjupúl við að afhenda og taka á móti aðstoð. Sendisveitir, samræmingarfundir, viðræður við gjafa um aðstoð, hvern fyrir sig, eða sameiginlega, og annað því um líkt, taka upp gríðarmikinn tíma í ríkjum þar sem getan til að meðhöndla mikið innstreymi aðstoðar er oft veikburða. Ekkert af þessu er vinsælt hjá almenningi, hvorki í viðtöku- né gjafaríkjunum, þó að sumt endurspegli áframhaldandi umhyggju fyrir ábyrgðarskyldu af hálfu gjafaríkjanna.

Aðstoðarfjárveiting eftir Viðtakanda

Móttaka aðstoðar hefur aukist stöðugt síðan í lögðinni 1997 og er nú á hæsta raunstigi sem nokkurntíma hefur verið. En þjóðartekjur flestra stórra viðtökuríkja aðstoðar hafa einnig aukist hratt á undanförunum árum, sem þýðir að móttaka aðstoðar sem hlutfall af tekjum þriðja heimsins hefur breyst lítillega. Heildarinnstreymi aðstoðar til viðtökuríkjanna er frekar fyrirsjáanlegt frá ári til árs, þó að meiri fullvissa um skuldbindingar á miðju tímabili myndi hjálpa til við fjárlagagerð viðtakenda. Smá ríki fá umtalsvert meiri aðstoð miðað við höfðatölu en þau sem stærri eru, en það er yfirleitt aðeins í vanþróuðustu ríkjunum sem móttaka aðstoðar er mikilvægur hluti innflutnings. Eftir því sem meðaltalstekjur þróunarríkis aukast er aðstoð í auknum mæli beint að fátækustu ríkjunum, sem fá aðallega styrki, og tiltölulega litla tæknilega samvinnu. Vísbendingar frá ýmsum aðilum benda til að meiri einbeiting aðstoðar að skilvirkari afskiptum af sjúkdómastjórn, næringu, landbúnaði og vatnsbirgðum myndi létta á mannlegri eymd og leggja sitt af mörkum til þess að Þúsaldarþróunarmarkmiðin náist.

Framvinda frá Þúsaldaryfirlýsingunni árið 2000.

Þúsaldarþróunarmarkmiðin (ÞPM) knýja viðhorf til þróunar í gegnum úrræði til bættis árangurs. Ríki í mestallri Asíu og norðanverðri Afríku eru að mestu leyti á rétti braut í átt að markmiðunum; Vestur-Asía, Karíbahafið og rómanska Ameríka eru í framför hvað varðar menntun, en ekki eins varðandi fátækt; og flest vanþróuðustu ríkin, sérstaklega í Afríku, sunnan Sahara, sýndu litla framför á tíunda áratugnum. Varnir gegn ofsafengnum átökum og uppbygging varanlegs friðar eru grundvallaratriði til að ná ÞPMunum. Vinna DAC að friði og öryggi hjálpar þróunarsamvinnustofnunum að taka á þessum lykilstærðum í Þúsaldaryfirlýsingunni. Aukinn fókus á árangur knýr einnig vinnu DAC – ásamt samstarfsaðilum – til að bæta árangur þróunaraðstoðar gegnum samræmdar aðgerðir gjafa, samstillingu við stefnumörkun og kerfi ríkisins, og með því að veita fyrirsjáanlegt fjármagn. En góð framkvæmd á enn eftir að verða almenn framkvæmd.

Stefnur og viðleitni tvíhliða gjafa

Stefnan í umfangi aðstoðar aðildarríkja DAC er almennt upp á við og endurspeglar skref til að uppfylla skuldbindingarnar sem gerðar voru á Ráðstefnu um fjármögnun þróunar í Monterrey árið 2002. Þýðingarmikill hluti þessa aukna umfangs kom samt sem áður í formi afléttingar skulda. Aðildarríki DAC skýra einnig frá aðgerðum til að bæta árangur aðstoðar gegnum aukna samstillingu og samræmingu, ásamt skrefum til að styðja staðbundið eignarhald á stefnumörkun þróunar. Á grunni samræmingar þróunarstefnu, gripu fleiri gjafar til aðgerða til að stofnanagera þá aðferð að samþætta hagsmuni þróunarríkja öllum hliðum stefnumörkunar, þar með talið verslun, fólksflutningum, fjárfestingum og umhverfi. Árið 2004 fór fram jafningjaendurskoðun DAC á fimm ríkjum: Frakklandi, Ítalíu, Austurríki, Noregi og Ástralíu.

© OECD 2005

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltungdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD
www.oecd.org/bookshop/**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

rights@oecd.org

Bréfsími: +33 (0)1 45 24 13 91

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal
75116 Paris
France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

